

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1977 er veitt:

	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	81 280
01 Forsætisráðuneytið	59 877
02 Menntamálaráðuneytið	2 534 566
03 Utanríkisráðuneytið	283 186
04 Landbúnaðarráðuneytið	1 024 679
05 Sjávarútvegsráðuneytið	420 198
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1 759 856
07 Félagsmálaráðuneytið	752 234
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	4 998 723
10 Samgönguráðuneytið	1 088 339
11 Iðnaðarráðuneytið	386 922
12 Viðskiptaráðuneytið	748 501
13 Hagstofa Íslands	8 357
14 Ríkisendurskoðun	16 137
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	1 072 800
Samtals	15 235 655

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 74 1974, um meðferð opinberra mála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 61. gr. laga nr. 74 1974 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Handtekinn maður á rétt á skipuðum réttargæslumanni þegar eftir handtöku og ber þeim, er handtöku framkvæmir, að skýra honum frá þessum rétti. Réttargæslumaður ber skyldur og réttindi sem verjandi eftir 86. gr. Handteknur maður er heimilt eftir handtöku að hafa samband við ættingja eða aðra vandamenn, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvela rannsókn málsins.

2. gr.

3. málsliður 1. málsgr. 86. gr. lga nr. 74 1974 orðist svo:

Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari hafi sérstakt tilefni til að telja hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það.

Í 4. málslið sömu málsgreinar falli niður orðin: „enda þyki dómara það hættu-laust vegna rannsóknar málsins.“

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 107 28. okt. 1970, um félagsheimili.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi, enn fremur samkomuhús sveitarfélaga. Sama gildir um sjómannastofur, sem sömu aðilar eiga og reka, sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi.

2. gr.

3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af tekjum Félagsheimilaskjóðs skulu 10% renna í Menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Heimilt er þó að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer utan félagsheimila, er sérstaklega stendur á. Styrkveitingar til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris af samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Félagsheimilaskjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. Byggingarstyrkir skulu veittir að fengnum til lögum íþróttanefndar og deildarstjóra byggingardeildar menntamálaráðuneytisins.